

Selfossi 6. september, 2007
KEI/kei/ófl

Fundargerð stjórnar

83. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu haldinn 6. september 2007 að Austurvegi 52, Selfossi, slökkvistöð

Mætt:

Margrét K. Erlingsdóttir, formaður, Snæbjörn Sigurðsson, stjórnarmaður
Ólafur Leifsson, ritari stjórnar

Einnig mættu:

Kristján Einarsson, sl.stjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Húsnæðismál slökkviliðs. (Björgunarmiðstöðin)

Margrét K. Erlingsdóttir setti fundinn kl. 12:00 og bauð fundarmenn velkomna.

Fyrir fundinum lágu teikningar sem fulltrúi Björgunarfélags Árborgar kom í hendur formanns fyrir nokkrum vikum síðan.

Fulltrúar slökkviliðsins og stjórnarmenn hafa farið yfir teikningar.

Fyrir fundinum lág fundargerð frá fulltrúum slökkviliðs þar sem fram kemur m.a. *“Við skoðun sést ekki annað en að húsnæðið sé í þeim farvegi sem talað var um þegar síðasta yfirferð var gerð. Þ.e.a.s. flest ef ekki allt er óbreytt.”*

á öðrum stað stendur: “Um stærðir, (fermetrafjölda) sér hópurinn ekki annað en það sé í samræmi við það sem rætt hefur verið á fyrri stigum.

Hópurinn tekur ekki afstöðu til kostnaðarútreikninga.”

Margrét fór yfir stöðu mála varðandi kostnaðarmál og lánamöguleika.

Eftir nokkrar umræður var samþykkt að Margrét og Kristján færu á fund Einars Sveinbjörnssonar, endurskoðanda BÁ og legðu fyrir hann útreikninga og kostnaðartölur varðandi húsið og færu þess á leit við hann að setja fram útreikninga þar sem tillit verði tekið til kaupa á húsnæðinu eða leigu.

Þessa útreikninga er síðan áformað að leggja fyrir fulltrúaráð BÁ og síðan sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga BÁ.

2. Nýir bílar til slökkviliðsins

Slökkviliðsstjóri greindi frá því að væntanlegir séu slökkvibílar þeir sem BÁ hefur pantað frá Eldvarnamiðstöðinni. Bílarnir eru á lokastigi í framleiðslu í Póllandi og fyrir liggur ferð fulltrúa slökkviliðsins í verksmiðjuna til að fara yfir tækniatriði og fl.

Áformað er að bílarnir komi í lok október n.k.

Bílarnir verða staðsettir í Árnasi og á Selfossi.

3. Starfið

Slökkviliðsstjóri sagði frá;

a) Útköll og hreyfingar slökkviliðsins á árinu sem af er væru komin í 62 talsins.

Á sama tíma á síðasta ári voru útköll 53. Slökkviliðsstjóri sagði að þetta væri þróun síðustu fimm ár, kæmi það til af auknum fjölda fólks á svæði BÁ sem og auknum fjölda ferðamanna.

b) Væntanlegir nýir bílar munu taka nokkurn tíma hjá slökkviliðinu, móttaka þeirra og æfingar.

c) Körfubíll liðsins er ekki lengur í húsnæði SBS á Selfossi þar sem Toyota umboðið hefur sagt upp leigusamningi þar sem húsnæðið verður notað fyrir dekkjaverkstæði Sólningar. Körfubíllinn er nú komin í leiguhúsnæði að Gagnheiði 69 Selfossi, húsnæði Guðmundar Sigurðssonar og Gríms Jónssonar.

d) Slökkviliðsstjóri greindi frá ánægjulegu samstafi við varðstjóra liðsins og lýsti áhuga þeirra á þeim verkefnum sem þyrfti að leysa hverju sinni.

Sama ætti við um slökkviliðsmenn BÁ almennt.

4. Önnur mál

a) Samráðshópur slökkviliðsmanna og stjórnenda slökkviliðsins hefur verið valin, í hópnum eru; Bjarni Ingimarsson, Börkur Brynjarsson, Jóhann Friðgeirsson, Ágúst Guðmundsson, Þórarinn Þorfinnsson. Áformað að hitta hópinn í október n.k.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 14.35

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Snæbjörn Sigurðsson,
Kristján Einarsson**